

Nd.

184. Frumvarp til laga

[93. mál]

um Austurlandsvirkjun.

Flm.: Jónas Pétursson.

1. gr.

Ríkisstjórnin og sveitarfélög Múlasýslna, Neskaupstaður og Seyðisfjarðarkaupstaður setja á stofn virkjanafyrirtæki, er nefnist Austurlandsvirkjun. Austurlandsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna og á hvor aðili um sig helming fyrirtækisins.

Austurlandsvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili þess er Egilsstaðir.

Eigendur eru hvor um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins.

2. gr.

Tilgangur Austurlandsvirkjunar er:

1. að byggja og reka virki til framleiðslu og flutnings raforku til almenningsnota og iðnaðar.
2. að selja í heildsölu raforku til héraðsrafmagnsveitna.
3. að annast áætlanir og undirbúning nýrra virkja til vinnslu og flutnings raforku.
4. að annast í umboði sveitarfélaga og ríkisins rekstur héraðsveitna, um lengri eða skemmri tíma, samkvæmt samningum við viðkomandi eigendur.

3. gr.

Austurlandsvirkjunin tekur við öllum eignum rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi, þ. e. orkuverum og aðalorkuverum, ásamt áhvílandi skuldum, rekstri þeirra, réttindum og skyldum.

Eignir Austurlandsvirkjunar eru Grímsárvirkjun, Fjarðarárvirkjun, dísilorkuver Seyðisfirði, Neskaupstað og Fáskrúðsfirði, ásamt aðalorkuveitum frá Eiðum allt til Breiðdalsvíkur.

4. gr.

Þegar lög þessi ganga í gildi, eiga sveitarfélögin rétt til þess að gerast eigandi að helmingi Austurlandsvirkjunar og kaupa þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrirtækið á.

Kaupverð mannvirkja skal, ef samkomulag næst ekki, ákveðast með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Kaupverðið mega sveitarfélögin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarendi hluta lána og annarra skuldbindinga fyrirtækisins.

5. gr.

Austurlandsvirkjun er heimilt að leggja aðalorkuveitur til tengingar við önnur orkuveitusvæði ein sér eða í samvinnu við aðra og gera gagnkvæma samninga um raforkusölu við önnur virkjanafyrirtæki.

Þegar hagkvæmt er að dómi ríkisstjórnarinnar að leggja aðalorkuveitur til annarra orkuveitusvæða á Austurlandi, er Austurlandsvirkjun heimilt, með nánara

samkomulagi við ríkisstjórnina hverju sinni, að leggja þær og selja raforku til hér- aðsrafmagnsveitna þeirra byggðarlaga. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

Austurlandsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorku- veitur frá öðrum aðilum og reka þau mannvirki.

Verkefni og orkuveitusvæði Austurlandsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglu- gerð.

6. gr.

Austurlandsvirkjun er heimilt að reisa allt að 12 MW-orkuver í Lagarfljóti við Lagarfoss ásamt aðalorkuveitu til Egilsstaða. Enn fremur er Austurlandsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisafstöðvar, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

7. gr.

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Austurlandsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Austurlandsvirkjun senda ráð- herra uppdrætti af mannvirkjum og lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt breyt- inga á fyrirhuguðum mannvirkjum, sem nauðsynlegar kunna að teljast vegna al- mannahagsmuna.

8. gr.

Stjórn Austurlandsvirkjunar skal skipuð fimm mönnum, ríkisstjórnin skipar tvo menn, en sveitarfélögin tvo, en eignaraðilar skipa sameiginlega fimmta mann, sem skal vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamanns, skal hann skipaður af hæstarétti. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár. Stjórn Austurlandsvirkjunar ræður framkvæmda- stjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Austurlandsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Stjórn Austurlandsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga fyrirtækisins. Heimilt er eignaaðilum að tilnefna að auki sinn endurskoð- andann hvor til þess að endurskoða reikningana.

9. gr.

Stjórn Austurlandsvirkjunar hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til aukinna framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir eru minni en sem svarar 2 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju fimm ára tímabili.

10. gr.

Stjórn Austurlandsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunar- innar, heildsöluverð Austurlandsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverð við það mið- að, að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lán- tókum tryggt notendum sínum næga raforku.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Austurlandsvirkjun til höfuðstól allt að 5 millj. króna gegn jöfnu framlagi sveitarfélaganna. Af höfuð-

stól þessum greiðir Austurlandsvirkjun eignaaðilum arð frá sjöunda rekstrarári að telja, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að ákveða að lána Austurlandsvirkjun 20 millj. krónur með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

12. gr.

Við framkvæmd Lagarfossvirkjunar, sbr. 6. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytis-aflostöðva fyrirtækisins.

Niðurfelling gjalda samkv. 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna.

Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og sölu-skatts af þeim eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Austurlandsvirkjun tekur, allt að 120 millj. króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar samkv. 1. málsg., og endurlána Austurlandsvirkjun, með þeim kjörum og gegn þeim tryggingum, sem hún ákveður.

14. gr.

Austurlandsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga.

Þó skal Austurlandsvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Austurlandsvirkjunar samkvæmt lagafyrirmælum.

15. gr.

Mál, er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Austurlandsvirkjun, falla undir ráðherra þann, er fer með raforkumál.

Stjórn Austurlandsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaaðila reglugerð um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá, er fer með raforkumál.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. október 1967. Reglugerð fyrir Austurlandsvirkjun skal sett, áður en Lagarfossvirkjun tekur til starfa, og tekur Austurlandsvirkjun þá við rekstri orkuvera þeirra og orkuflutningsvirkja, sem talin eru í 3. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Raforkan er mikilvægur þáttur í nútímalífi. Framfarir síðustu ára byggjast meðal annars á notkun hennar. Gildi raforkunnar mun þó enn vaxa stórlega á næstu árum, verða vaxandi þáttur í því velferðarríki, sem við Íslendingar erum að skapa.

Raforku vantar á Austurlandi.

Vegna hins mikla sildariðnaðar á Austurlandi hefur orkuþörfin vaxið stórum örvar en spár voru fyrir um kringum 1960. Fylgir hér tafla, er sýnir mesta álag og heildarorkuframleiðslu og aukningu í hundraðshlutföllum hvert ár.

Álag og orkuvinnsla.

Ár	Núverandi Grímsársvæði		Austurland frá Bakkaf. — Djúpavogs	
	MW	GWh	MW	GWh
1960	2.4	8.8	3.1	9.7
1961	2.7	9.7	3.4	10.8
1962	3.0	10.7	3.9	12.3
1963	3.6	13.1	4.5	14.7
1964	4.4	15.6	5.4	17.8
1965	5.5	19.5	6.5	22.3

Aukning orkuvinnslu.

	Grímsársvæði	Austurland
'60/61	10%	11%
'61/62	10%	14%
'62/63	22%	20%
'63/64	19%	21%
'64/65	25%	25%

Enn hefur orðið svipuð aukning á árinu 1966 og síðustu árin, og er nú álags-toppurinn kominn upp í 6.5 MW.

Þessar tölur sýna gleggst hina gífurlegu aukningu í orkunotkun. Taflan sýnir, að framleiðslan hefur vaxið um 130% á fimm árum. Á sama tíma hefur raforku-framleiðslan í öðrum hlutum landsins vaxið um ca. 36%. Þessari stórauknu notkun á Austurlandi hefur verið mætt með stækkunum dísilrafstöðva. En dísilaflið er ekki hagkvæmt til mikillar orkuvinnslu, heldur sem varaafli og til þess að mæta álags-toppum. Þessi mikla framleiðsla raforku með dísilvélum hefur verið mjög dýr og jafnframt hafa truflanir á rafmagni aukizt.

Eins og nú er ástatt í raforkumálum á Austurlandi, er hamlað á móti aukinni notkun af því, að framleiðslan er svo óhagkvæm. eru því ónotaðir ýmsir möguleikar til meiri hagnýtingar rafmagnsins, sem ódýr vatnsorka getur fullnægt, en ekki kemur til greina að fullnægja með dísilorku. Sérstaklega skal hér nefna húshitun með raforku og ekki sízt í sveitum. Rafmagnshitun í sveitum er hagstæðari en í þéttbýli við hafnarstaði. Meta þarf flutninga á olfu í því sambandi. En vegna jöfnunar verðsins er orkan raunverulega ódýrari en reiknað er með til hitunar í sveitum. Er þarna um mikilvægt þjóðhagslegt atriði að ræða. En auðvitað er í þéttbýlinu líka sjálfsagt að athuga hagkvæmni rafmagnshitunar. Þar keppir hún þó sennilega ekki við jarðhita, þar sem hans er völ í nágrenni þéttbýlis, en við kaupstaði og kaup-tún á Austurlandi er ekki talið sennilegt að verulegan jarðhita sé að finna, nema í nágrenni Egilsstaða.

Á Austurlandi er hagkvæmur virkjunarstaður í Lagarfljóti við Lagarfoss. Áætlanir sýna, að Lagarfossvirkjun er hagstæð miðað við kostnað á virkjað kW. og kWh. framleiðslugetu. En höfuðkostur hennar er þó öryggið vegna hinnar miklu vatnsmiðlunar í Lagarfljóti.

Það er áhugamál Austfirðinga, að Lagarfoss verði virkjaður hið allra fyrsta til að binda endi á raforkuskortinn, skapa öryggi í raforkuframleiðsluna og til þess að fá ódýra orku í stað hinnar dýru dísilorku.

En virkjun Lagarfoss gæti gerzt á fleiri en einn veg. Það gæti gerzt með því, að ríkið virkjaði, og það gæti gerzt með því að stofna fyrirtæki, Austfjarðavirkjun eða Lagarfossvirkjun, sem Austfirðingar væru eigendur að að meira eða minna leyti. Hér er lagt til, að Austfjarðavirkjun sé stofnuð með helmingaþátttöku ríkis og heimabyggða á svipaðan hátt og Landsvirkjun og Laxárvirkjun.

Ég tel það framtíðarmál, að byggðarlögin eigi sem mestan hlut í orkuverunum. Það eykur sjálfstæði þeirra og tryggir þeim meiri þátttöku í þeim fjársjóðum, sem vatnsvirkjanirnar verða örugglega síðar, er þær hafa verið afskrifaðar að mestu. Og ég held, að á þann hátt verði allur þessi rekstur hagkvæmastur, með því að hafa ekki einingarnar allt of stórar, að því er stjórn og framkvæmdir allar varðar. Snertir þetta bæði orkuframleiðsluna sjálfa og einnig dreifinguna, sem nú er eystra á vegum héraðsrafveitna ríkisins.

Hér fylgir með álitserð þeirra Jóhanns Indriðasonar rafmagnsverkfræðings og Ásgeirs Sæmundssonar tæknifræðings um rekstrarafkomu Austurlandsvirkjunar fram til 1980.

Þar er meðal annars borið saman að kaupa orkuna um línu frá Laxá í Þingeyjarsýslu til Egilsstaða, en sú lausn hefur nú verið ofarlega í huga þeirra, er raforkumálum okkar stjórna. Með 25 auru verði á kWst. við Laxá verður sú leið fljótlega mun óhagstæðari, gefur dýrari orku en Lagarfoss, auk þess, sem er meginatriði frá sjónarmiði Austfirðinga, að hafa ekki sama vald á því máli. Má t. d. benda á margs konar iðnað, sem æskilegt væri að setja upp, sem þyrfti talsverða orku. Liggur í augum uppi sá reginmunur, sem er á því að hafa þá sjálfur vald á orkumálunum eða að þurfa að semja um kaup á orkunni t. d. frá Laxárvirkjun. Í virkjunarmálunum gildir að vera framsýnn, og þó að axla þurfi nokkra byrði í byrjun vegna Lagarfossvirkjunar, þá snýst dæmið fljótlega við og hagur Austfjarðavirkjunar er orðinn allgóður þegar fyrir 1980, þrátt fyrir að hún tekur að sér allan rekstur á núverandi kerfum og Grímsárvirkjun ásamt Lagarfossvirkjun, rekstur, sem nú er hinn erfiðasti, samkv. reikningum rafmagnsveitnanna.

Svæði það, sem Austfjarðavirkjun er ætlað að ná yfir í fyrstu, er núverandi Grímsársvæði. Æskilegt er, að sem fyrst verði unnt að færa það svæði út, bæði norður til Vopnafjarðar og Bakkafjarðar, til Borgarfjarðar og Djúpavogs og síðar jafnvel suður um til Hornafjarðar. En um þau atriði er eðlilegt að komi til samninga, eftir að Austurlandsvirkjun hefur verið sett á stofn. En auðvitað er æskilegast, að allt Austurland geti fallið inn í þetta fyrirtæki með þær framkvæmdir og rekstur, er því fylgir.

Frekari rökstuðning fyrir flutningi þessa frv. er að finna í rekstraráætlun þeirri, er fylgir frá þeim Jóhanni Indriðasyni og Ásgeiri Sæmundssyni. Jafnframt verður svo málið skýrt nánar í framsögu.

Það skal tekið fram, að sveitarfélögin á Austurlandi hafa ekki tekið afstöðu til þessa máls, þ. e. stofnunar Austurlandsvirkjunar, en ætlað er til, að slíkt komi fram undir meðferð málsins í Alþingi.

Til að auðvelda sveitarfélögunum að taka afstöðu er málið flutt. Með því er það komið í ápreifanlegt form. En á meðan það svifur í lausu lofti, eins og til þessa, verður erfitt fyrir fólkið á Austurlandi að gera sér fulla grein fyrir rökum þess.

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Fyrsta grein frumvarpsins gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin stofni með sveitarfélögum Múlasýslna, Neskaupstað og Seyðisfjarðarkaupstað virkjanafyrirtæki með svipuðu sniði og Laxárvirkjun á Norðurlandi og Landsvirkjun á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir, að Austurlandsvirkjun verði sjálfstætt fyrirtæki, þar sem ríkið eigi helming á móti sveitarfélögunum, og að heimili þess verði Egilsstaðir.

Um 2. gr.

Tilgangur Austurlandsvirkjunar er að afla og flytja raforku til héraðsveitna á Austurlandi.

Vegna sérstakra aðstæðna er einnig gert ráð fyrir, að Austurlandsvirkjun geti annað rekstur héraðsveitna í umboði bæjarfélaga eða ríkisins.

Um 3. gr.

Austurlandsvirkjun tekur við öllum eignum rafmagnsveitna ríkisins á veitusvæði Grímsár, þegar sameignarsamningar hafa verið gerðir, en yfirtaka rekstrar fer fram síðar, eins og segir í 16. gr.

Rekstrarhalli er mikill eins og er á veitunni, en með lögunum um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins er séð fyrir tekjum til þess að mæta honum. Þess vegna er eðlilegt, að rafmagnsveitur ríkisins annist reksturinn áfram, þar til Lagarfossvirkjun tekur til starfa og breyting verður á orkuframleiðslukostnaðinum og hagstæðir möguleikar verða til aukinnar raforkusölu.

Um 4. gr.

Sveitarfélögin fá með ákvæðum greinarinnar heimild til þess að kaupa hluta af núverandi eignum ríkisins í orkuverum og orkuflutningsvirkjum á veitusvæði Grímsár til þess að eignast helming Austurlandsvirkjunar.

Er þetta ákvæði hliðstætt Laxárvirkjunarlögum, en þar er ríkinu heimilað að kaupa hluta í mannvirkjum Laxárvirkjunar af Akureyrarbæ til þess að eignast helming virkjunarinnar.

Um 5. gr.

Austurlandsvirkjun er heimilað með ákvæðum í greininni að leggja orkuveitur til annarra virkjana ein eða í samvinnu við viðkomandi fyrirtæki. Er þar með opin möguleiki fyrir Austurlandsvirkjun að tengjast Laxárvirkjun, þegar hagkvæmt er að ráðast í þær framkvæmdir.

Aðkallandi verkefni Austurlandsvirkjunar verður að leggja orkuflutningslínur til þeirra staða, sem nú fá raforku frá einstökum dísilrafstöðvum. Ekki hafa verið gerðar nægar athuganir á kostnaði við lagningu þessara orkuveitna, en gera má ráð fyrir, að Austurlandsvirkjun geti ekki á fyrstu starfsárum sínum byggt þær fyrir eigið fé. Er því hér gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti, þegar það telst tímaþætt, falið Austurlandsvirkjun að leggja þessar veitur með samningum eða samkomulagi um lausn fjárhagsgrundvallar.

Einnig er í greininni heimild til yfirtöku orkuvera og orkuveitna með samningum við fyrri eigendur.

Um 6. gr.

Austurlandsvirkjun er í greininni heimilað að reisa allt að 12 MW orkuver í Lagarfljóti við Lagarfoss, en í raforkulögum er gert ráð fyrir, að heimild Alþingis þurfi til virkjunar, sé hún yfir 100 hestöfl.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að fullnægt sé ákvæðum vatnalaga og raforkulaga um greinargerð til ráðherra um gerð allra mannvirkja virkjunar þeirrar, sem 6. gr. heimilar, og að samþykki ráðherra sé fengið á gerð þeirra og frágangi.

Um 8.—9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að verð á raforku frá Austurlandsvirkjun verði ákveðið á sama hátt og frá Laxárvirkjun og Landsvirkjun.

Um 11.—15. gr.

Greinarnar eru í samræmi við ákvæði laga um Landsvirkjun og Laxárvirkjun.

Um 16. gr.

Sjá aths. um 3. gr.

Fylgiskjal.

Greinargerð Jóhanns Indriðasonar rafmagnsverkfræðings og Ásgeirs Sæmundssonar tæknifræðings um áætlun um Austurlandsvirkjun.

Sú orkuspá, sem lögð er til grundvallar þessari áætlunargerð, gerir ráð fyrir 7% árlegri aukningu í almennri notkun og fiskiðnaði, 2% árlegri aukningu í sildaríðnaði og fastri aukningu um 2.5 GWh. á ári í hitanotkun, eftir að Lagarfossvirkjun eða lína frá Laxá til Egilsstaða hefur tekið til starfa. Þessi aukning í raforkusölu til hitunar er áætluð að haldi áfram út tímabilið, og hefur við enda þess náð því, sem ætla mætti mettnum markaðsins í hitanotkun. Slík sala til hitunar kemur þó vart til greina, nema um Lagarfossvirkjun sé að ræða. Verði lína lögð fyrst, má búast við hægari aukningu í hitanotkun, en vænta má, að meðaltekjur af seldri kWh. til hitunar verði hærri en hér er reiknað með, þar eð meiri áherzla yrði lögð á daghitun.

Meðaltekjur af seldri kWh í hverjum söluflokki eru fengnar úr Orkumálum 1964, en reiknað er með núgildandi gjaldskrá. Þetta meðalverð byggir að sjálfsögðu á þeirri skiptingu í notkun og þeim meðalnýtingartíma, sem nú gildir, og er einhverjum breytingum undirorpið, sem þó geta verið á báða vegu. Kostnaðartölur um viðhald, gæzlu, viðgerðir, fastan kostnað o. s. frv., eru áætlaðar í samræmi við ársreikninga Raforkumálaskrifstofunnar 1964. Afskriftartími vatnsvirkjana, aðalorkuveitu og héraðsveitna er settur 40 ár, en fyrir dísilstöðvar 15 ár. Olíunotkun dísilvéla er 0.55 kv/kWh. Áætluð hafa verið lán á núverandi mannvirki með hliðsjón af þeim vaxtakostnaði, sem bókfærður er á þau, og þau lán síðan greidd niður á 15 árum með 8% vöxtum.

Heildarkostnaður 9 MW Lagarfossvirkjunar, sem hér er reiknað með, er áætlaður af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi í júlí 1966 132 M.kr., með tollum og söluskatti, sem alls nema 19 M.kr., en án 66 kV flutningsvirkja til Egilsstaða. Flutningsvirkin hafa verið áætluð á Raforkumálaskrifstofunni á 16 M.kr.

Í skýrslu frá raforkumálastjóra í sept. 1966 er stofnkostnaður 9 MW Lagarfossvirkjunar ásamt 66 kV flutningsvirkjum áætlaður 114 M.kr., án tolla og söluskatts.

Hér er gengið út frá frumáætlun um 9 MW virkjun með tilhögun, sem ekki er könnuð í áætlunum Sigurðar Thoroddsens og byggir að nokkru á rannsóknnum á vegum raforkumálastjóra í nóv. 1966. Samkvæmt þeirri tillögu áætlast stofnkostnaður 9 MW virkjunar ásamt 66 kV flutningsvirkjum til Egilsstaða 110 M.kr. án tolla og söluskatts. 66 kV flutningsvirki eru þá áætluð á 13 M.kr.

Í fjármagnskostnaði er gert ráð fyrir 10 M.kr. framlagi eigenda, en að 160 M.kr. séu fengnar að láni til 15 ára með 8% vöxtum.

Stofnkostnaður 2 MW dísilsmætti er áætlaður 10.4 M.kr., en 130 kV línu Laxá-Egilsstaðir 60 M.kr., og sá stofnkostnaður hugsaður niðurgreiddur á 15 árum með 8% vöxtum.

Gert er ráð fyrir 3 M.kr. fjárfestingu í 30 kV orkuveitu, þegar virkjun eða lína tekur til starfa. Hér er þó aðeins um nauðsynlegustu stækkanir að ræða á spennum í helztu aðveitustöðvum svæðisins.

Flutningsgeta 30 kV kerfis þarf væntanlega að aukast ekki síðar en um það bil sem Lagarfoss er fullnýttur að afli. Hér er ekki reiknað með stækkun 30 kV kerfisins suður til Djúpavogs eða norður til Vopnafjarðar. Verður og að gera ráð fyrir, að koma verði til sérstök framlög til slíkrar stækkunar.

Gert er ráð fyrir aukningu héraðsveitna á tímabilinu alls 10 M.kr., sem þó ekki er ætlað að innihalda sveitaveitur, og er reiknað með, að sérstök framlög komi til þeirra, eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir svipuðu mannahaldi og nú er við rekstur hins sameiginlega kerfis.

Austurlandsvirkjun.

Orkuspá og bruttótækjur fyrir samtengd svæði.

Ár	Orkuspá, framl. orka GWh			Töp í		Seld orka		Aln. notkun		Fisklön. + sifdarlön.		Ætlaðar tækjur		Tekjur		Skipt. orkuframl.		
	Aln. notk. 1)	Fisk- iön. 1)	Sifdar- iön. 2)	Hús- hitun 3)	Framl. alls GWh	+ eigin not GWh	samt. GWh	Aln. meðalv. 2.10 GWh	M.kr.	Méðalv. 1.50 GWh	M.kr.	Méðalv. 0.3 GWh	M.kr.	Alls M.kr.	Grimsa	Disil/annað	GWh	GWh
1966 ...	7.28	3.21	10.46	0.5	21.45	5.0	16.45	5.58	11.70	10.48	15.70	0.39	0.12	27.52	13	8.45		
1967 ...	7.79	3.44	10.68	0.6	22.51	6.0	16.51	5.71	12.00	10.5	15.70	0.40	0.12	27.72	13	9.51		
1968 ...	8.33	3.68	10.92	0.8	23.73	6.0	17.73	6.24	13.30	10.9	16.35	0.60	0.18	29.83	13	10.73		
1969 ...	8.91	3.93	11.12	1.04	25.00	6.0	19.00	6.77	14.21	11.43	17.14	0.80	0.24	31.59	13	12.00		
1970 ...	9.53	4.21	11.35	3.1	28.19	6.0	22.19	7.84	16.45	12.78	19.15	2.57	0.77	36.37	13	15.19		
1971 ...	10.20	4.50	11.55	5.15	31.40	6.0	25.40	8.25	17.32	12.98	19.65	4.17	1.25	38.02	13	18.40		
1972 ...	10.91	4.81	11.80	7.2	34.72	6.0	28.72	9.03	18.96	13.73	20.60	5.96	1.79	41.35	13	21.72		
1973 ...	11.71	5.15	12.00	9.25	38.07	6.5	31.57	9.66	20.30	14.2	21.30	7.71	2.31	42.91	13	25.07		
1974 ...	12.49	5.51	12.30	11.3	41.60	6.5	35.10	10.53	22.11	15.08	22.60	9.49	2.84	47.54	13	28.60		
1975 ...	13.36	5.91	12.50	13.36	45.13	6.5	38.63	11.42	24.00	15.79	23.65	11.42	3.43	51.68	13	32.13		
1976 ...	14.30	6.31	12.75	15.4	48.75	6.5	42.25	12.40	26.04	16.54	24.80	13.31	4.00	54.84	13	35.75		
1977 ...	15.30	6.76	13.00	17.45	52.51	6.5	46.01	13.4	28.10	17.3	25.95	15.31	4.60	58.65	13	39.51		
1978 ...	16.37	7.24	13.32	19.5	56.44	7.0	49.44	14.32	30.10	18.0	27.00	17.12	5.14	62.24	13	43.44		
1979 ...	17.52	7.74	13.55	21.55	60.36	7.0	53.36	15.5	32.55	18.8	28.20	19.03	5.71	66.46	13	47.36		
1980 ...	18.74	8.27	13.80	23.6	64.41	7.0	57.41	16.7	35.10	19.65	29.50	21.06	6.32	70.92	13	51.41		

1) Vöxtur 7% á ári.

2) Vöxtur 2% á ári.

3) Vex um 2.05 GWh á ári frá 1970, eftir að virkjun kemur í notkun.

Austurlandsvirkjun. Aðalorkuveita.

Rekstrarkostnaður.

Liður	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	
Olía	4.65	5.23	5.9	6.6												1
Gæzla, viðg., efni o. fl.	2.9	3.0	3.1	3.2	3.3	3.4	3.5	3.6	3.7	3.8	3.9	4.0	4.1	4.2	4.3	2
Viðhald veitu	0.55	0.6	0.65	0.7	0.8	0.87	0.95	1.02	1.1	1.17	1.25	1.32	1.4	1.47	1.55	3
Fastur kostn.	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	4
Afb. og vextir																
núv. kerfi	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	5
Dísilst. '68	—	—	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	6
30 kV kerfi	—	—	—	—	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	7
Afskr. af																
núv. kerfi	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	8
Dísilst. '68	—	—	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	9
30 kV kerfi	—	—	—	—	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	10
Samt. 1—10	22.00	22.73	25.45	26.30	20.33	20.50	20.68	20.85	21.03	21.2	21.38	21.55	21.73	21.90	22.10	11
Lagarfossveita																
Vextir og afb. ...	—	—	1.50	5.50	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	12
Lagarfossveita																
Afskriftir	—	—	—	—	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	13
Samt. 11, 12, 13 ...	22.00	22.73	26.95	31.8	34.53	34.70	34.88	35.05	35.23	35.4	35.58	35.75	35.93	36.10	36.30	14
Lína, vextir og afb.	—	—	—	2.4	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	15
Lína, afskr.	—	—	—	—	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	16
Orkukaup frá Laxá																
0.25 kv/kWh ..	—	—	—	—	3.8	4.6	5.43	6.27	7.15	8.07	8.94	9.88	10.85	11.82	12.86	17
Samt. 11, 15, 16, 17	22.00	22.73	25.45	28.70	32.63	33.60	34.61	35.52	36.68	37.77	38.82	38.93	41.08	42.22	43.44	18

Austurlandsvirkjun, Héraðsveitur.
Rekstrarkostnaður.

	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
Líður	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.
Skrifst.kostn. ...	0.7	0.75	0.8	0.85	0.9	0.95	1.0	1.05	1.1	1.15	1.2	1.25	1.3	1.35	1.5
Rekstur, gæzla, viðgerðir ...	2.1	2.2	2.3	2.4	2.5	2.6	2.7	2.8	2.9	3.0	3.1	3.2	3.3	3.4	3.5
Húsveituefirl. . .	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3
Viðhald	0.8	0.85	0.92	0.98	1.05	1.12	1.2	1.28	1.37	1.47	1.57	1.68	1.8	1.92	2.05
Afskriftir	1.3	1.35	1.35	1.35	1.35	1.35	1.43	1.43	1.63	1.63	1.56	1.56	1.56	1.56	1.56
Vextir og afb. . . .	2.3	2.53	2.53	2.53	2.53	2.53	2.88	2.88	2.88	3.47	3.47	3.47	3.47	3.47	3.47
Orkukaup ¹⁾	22.0	22.73	26.95	31.80	34.53	34.70	34.88	35.05	35.23	35.40	35.58	35.75	35.93	36.10	36.30
Samtals 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7	29.5	30.71	35.15	40.21	43.16	43.55	44.39	44.79	45.19	46.55	46.78	47.21	47.66	48.10	48.56
Sameiginl. greiðsluafg. . . .	-1.98	-2.99	-5.22	-8.62	-6.79	-5.53	-3.04	-1.88	+2.33	+4.73	+8.06	+11.44	+14.58	+18.36	+22.36

1) Kostnaðarverð raforku frá aðalorkuveitu.
Hér er eingöngu útfært tilfellið virkjun Lagarfoss.

Austurlandsvirkjun.
Fjárfesting. Fjármagnskostnaður.

Yfirlit.

	Áætluð	Árlegar	Áhvilandi	Vextir og
	verðmæti	afskriftir ¹⁾	lán	afborganir ²⁾
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.
A. Aðalorkuveita:				
1. Eldri mannvirki:				
1. Grímsárvirkjun	46.1	1.430	27.70	3.23
2. 30 kV. orkuveita	26.8	0.853	16.80	1.96
3. Disilstöðvar	27.0	2.257	23.14	2.67
Samt.		4.54		7.86
2. Ný mannvirki:				
1. Disilstöð byggð 1968	10.4	0.7	10.4	1.2
2. Spennar o. fl. 1970	3.0	0.08	3.0	0.35
3. Lagarfossvirkjun 1970	100.0	2.5	100.0	11.7
Vextir 1968				1.5
— 1969				5.5
3a. Lína Laxá—Egilsstaðir 1970	60.0	1.5	60.0	7.0
Vextir 1969				2.4
B. Héraðsveitur:				
1. Eldri mannvirki, sveitaveitur og bæjarkerfi	29.6	1.3	19.6	2.3
2. Ný mannvirki, sveitaveitur og bæjarkerfi:				
Viðbætur 1967	2.0	0.05	2.0	0.233
— 1972	3.0	0.08	3.0	0.350
— 1975	5.0	0.13	5.0	0.587

1) Afskriftir vatnsorkuvera og orkuveitna á 40 árum, dísilvéla á 15 árum.

2) Gert er ráð fyrir 15 ára lánum með 8% vöxtum. Greiðist niður með jöfnum ársgreiðslum.